

# ÍSAN1GE05

*Búið til: Wed, 27 May 2015 19:47:49 GMT*

## Titill

Íslenska sem annað mál - III

## Skammstöfun

ÍSAN1GE05

## Útgáfunúmer

8

## Námsgrein

Íslenska sem annað mál

## Viðfangsefni

Ritun, tal

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

1

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

FB

## Lýsing

Áfanginn er ætlaður sem grunnáfangi í íslensku fyrir tvítýngda nemendur sem hafa tekið stöðupróf og geta bjargað sér að einhverju leyti á íslensku. Nemendur tileinka sér undirstöðuatriði tungumálsins, auka við orðaforða sinn og þjálfast í hlustun, ritun, lestri og tali. Áhersla er á að læra að spyrja til vegar, geta talað um liðna atburði, geta skrifað stutt bréf og þjálfra grunnatriði málfræðinnar. Lögð er áhersla á hugtök annarra námsgreina þar sem nemendur velja sér ákveðið umfjöllunarefni sem tengist öðru námsefni sem þeir stunda samhliða íslenskunáminu og kynna fyrir samnemendum. Áfanginn raðast á B1 samkvæmt Evrópsku tungumálamöppunni (ETM).

## Forkröfur

Stöðupróf eða hafa lokið ISLA1BE05 og ISLA1BT05

## Þekkingarviðmið

### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans
- grundvallarþáttum íslenska málkerfisins
- einföldum hugtökum annarra námsgreina

## Leikniviðmið

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt og fylgja fyrirmælum í kennslustofunni á íslensku
- lesa einfaldan texta og taka þátt í umræðum sem innihalda algengan orðaforða
- afla sér hagnýtra upplýsinga og taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir
- skrifa stutta og einfalda texta, samtöl og skilaboð um kunnugleg efni sem tengjast viðfangsefni áfangans (í nútíð og þátíð)
- skilja einföld hugtök annarra námsgreina

## Hæfniviðmið

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega um efni sem hann þekkir til
- geta skilið einfalt talað mál og einfalda texta
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum sem innihalda algengan orðaforða og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á á fjölbreyttan og skapandi hátt, m.a. með notkun upplýsingatækni
- skrifa einfalda texta um hugðarefni sín, áhugamál og atburði, ímyndaða og raunverulega
- nýta sér hugtök annarra námsgreina

### **Námsmat**

Þekking er metin með lokaprófi, skriflegum könnunum og verkefnum sem bæði eru unnin heima og í kennslustundum. Leikni er metin með fjölbreyttum verkefnum og könnunum sem taka mið af færniþáttunum fjórum samkvæmt ETM (tali, hlustun, lestri og ritun). Hæfni er metin í verkefnavinnu samkvæmt markmiðum ETM og með prófum sem meta hæfni nemanda í að skilja lesinn og ólesinn texta, grunnatriði í íslenskri málfræði sem og ritunarfærni nemanda.

### **Skólar**

### **Fyrirmynd**